



Galatabréfið

Útskýringar sem byggðar eru á Torah og hebresku samhengi fyrstu aldarinnar.

Eftir Avi ben Mordechai © 2005-2006 Millennium 7000 Communications. Allur réttur áskilinn.
Íslensk þýðing: Sigrún Einaradóttir - www.torah.is
Birt með leyfi höfundar - www.m7000.com

9. þáttur af 18

Skjámynd:

Galatabréfið 2.12 ...en er þeir komu, dró hann sig í hlé og tók sig út úr af ótta við þá, sem **héldu fram umskuminni.**

Markús 7.6-9 Yeshua svarar þeim: "Sannspár var Jesaja um yður hræsna, þar sem ritað er (Jes. 29.13): Þessi lýður heiðrar mig með vörumum, en hjarta þeirra er langt frá mér. Til einskis dýrka þeir mig, er þeir kenna þá lærdóma, sem eru mannesetningar einar. Þér hafnið boðum Elóhíms, en haldið erfikenning (*takanot, ma'asim, minhagim*) manna." Enn sagði hann við þá: "Listavel gjörðið þér að engu boð Elóhíms, svo þér getið rækt erfikenning yðar."

Skjámynd:

Galatabréfið 2.14 ...sagði ég við Kefas í allra áheyrn: "Úr því að þið sem eruð Gyðingar, lifið að heiðingja siðum, en eigi Gyðinga, hvernig ferst ykkur þá að neyða heiðingja, sem hafa tengt sig Júda, til að lifa að Gyðinga siðum?"

5. Mósebók 26.5 Þá skalt þú taka til máls og segja frammi fyrir YHWH Elóhím þínum: "Faðir minn var umreikandi Aramei, og hann fór suður til Egyptalands fáliðaður og dvaldist þar sem útlendingur og varð þar að mikilli, sterkri og fjölmennri þjóð.

1. Mósebók 25.20 - Laban er kallaður arameískur. Í 1. Mós. 29.25 segir svo: En um morguninn, sjá, þá var það Lea. Og hann sagði við Laban: "Hví hefir þú gjört mér þetta? Hefi ég ekki unnið hjá þér fyrir Rakel? Hví hefir þú þá svikið mig?"

Bæn Davíðs - 2. Samúelsbók 7.23 ...hvaða þjóð önnur á jörðinni jafnast við þína þjóð, Ísrael, að Elóhím hafi framgengið og endurleyt hana sér að eignarlýð og aflað sér frægðar?

5. Mósebók 28.9-10 YHWH gjöri þig að lýð, sem heilagur er fyrir honum, eins og hann hefir svarið þér, ef þú varðveitir skipanir YHWH Elóhíms þíns og gengur á hans vegum. Og allar þjóðir á jörðinni munu þá sjá, að þú hefir nefndur verið eftir nafni YHWH, og þær munu óttast þig.

Skjámynd:

Galatabréfið 2.15 Því ef við sem höfum gyðinglegt eðli sjálfir og ekki þeir sem eru af heiðnu bergi syndara brotnir... ★

1. Mósebók 29.35 Og enn varð hún (Lea) þunguð og ól son og sagði: "Nú vil ég vegsama YHWH." Fyrir því nefndi hún hann Júda (Yehudah).

Jóh. 4.22 (Talar við konuna við brunninn.) Þér tilbiðjið það, sem þér þekkið ekki. Vér tilbiðjum það, sem vér þekkjum, því hjálpræðið kemur frá Gyðingum (Yehudah).

Sakaría 8.23 Svo segir YHWH Tzvaot: Á þeim dögum munu tíu menn af þjóðum (goyim) ýmissa tungna taka í kyrtilskaut eins Gyðings (Yehudi) og segja: "Vér viljum fara með yður, því að vér höfum heyrt, að Elóhím sé með yður."

5. Mósebók 28.9-10 YHWH gjöri þig að lýð, sem heilagur er fyrir honum, eins og hann hefir svarið þér, ef þú varðveitir skipanir YHWH Elóhíms þíns og gengur á hans vegum. Og allar þjóðir á jörðinni munu þá sjá, að þú hefir nefndur verið eftir nafni YHWH, og þær munu óttast þig.

YHWH—Yehudah

יהוה

Esekiel 36.20 Og þeir komu til hinna heiðnu þjóða. Hvar sem þeir komu, þar vanhelguðu þeir mitt heilaga nafn, með því að mönnum fórust svo orð um þá: „Þetta er lýður YHWH, og þó urðu þeir að fara burt úr landi sínu!“ (Einnig Róm. 2.24)

Skjámynd 7:

Galatabréfið 2.16 Því við vitum, að synir manna réttlætast ekki af **lög málsverkum**, heldur fyrir trú á Yeshua Messías. Jafnvel við sem trúðum á hann, vitum að það er fyrir trú á Messías sem við réttlætumst, en ekki fyrir lög málsverk. Enda réttlætist enginn lifandi maður af lög málsverkum.

Framhald í næsta þætti...

Taktu frá þrjú kvöld í júní 2010 (14. 15. og 16. júní)



Avi ben Mordechai kemur til Íslands í júní 2010 og verður með nokkra spennandi fyrirlestra.

Ef þú vilt fá nánari upplýsingar um þetta einstaka tækifæri til að hlusta á stórkostlega fræðslu um hebreskar rætur trúarinnar, eða tryggja þér (ókeypis) sæti á fyrirlestrunum hafðu þá samband við Sigrúnu í síma 824 8848 eða með því að senda tölvupóst á torah@internet.is